

Opnunartími sundlauganna

Neslaug: miðvikudaga 14:30-21:30

Skeiðalaug: mánud. 16:00-21:30 fimmtud. 16:00-21:30 og laugard. 10:00-16:00

Gaukurinn

Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

4.árg. 1.tbl. febrúar 2024

Þorrablót 2024



Opnunartími á gámasvæðinu í Árnosi

miðvikudaga 14:00-17:00 og laugardaga 12:00-15:00

Grenndargámar við sundlaugina í Brautarholti og Félagsheimilið í Árnosi opnir allan sólarhringinn

Nýtt ár og breyttir tímar – sökum þess að Íslandspóstur dreifir ekki lengur fjölþósti verður Gaukurinn framvegis á rafrænu formi. Hægt er að skrá sig á póstlista þannig að tölvupóstur berist með Gauknum, en hann verður eins og áður aðgengilegur á heimasíðu sveitarfélagsins. Einnig verður hægt að nálgast hann á pappírformi í Neslaug, Skeiðalaug, Þjórsárskóla, Leikholti, skrifstofu sveitarfélagsins, félagsheimilinu í Árnesi og í versluninni Árborg í Árnesi.

Árið 2024 verður viðburðaríkt ár í sveitarfélaginu okkar. Nú fyrir helgi fór í auglýsingu stærsta úthlutun lóða í sögu sveitarfélagsins þegar lóðir í Brautarholti fyrir 28 íbúðir og 2 atvinnulóðir fóru í auglýsingu. Einnig eru nú þegar í byggingu í Brautarholti tvö 6 íbúða raðhús. Verði eftirspurn eftir öllum lóðunum má því gera ráð fyrir 40 nýjum íbúðum í Brautarholti á næstu tveimur árum.

Mikil vinna er í gangi varðandi þá uppbyggingu sem er framundan í Árnesi. Aðalskipulagsbreyting er í gangi er skilgreinir miðbæjarsvæði, skólasvæðið og íbúðabyggð til framtíðar. Áætlað er að nýtt aðalskipulag fyrir Árnes taki gildi í maí. Hönnun á skólasvæðinu er í fullum gangi þar sem skólalóðin ásamt nýju verknámshúsi og íþróttahúsi verður hjartað í byggðinni í Árnesi. Einnig er hugmyndavinna í gangi um miðbæjarkjarna með rými fyrir verslun- og þjónustu, hótél og aðra atvinnustarfssemi. Búið er að hanna Árnes í þrívíddarlíkani þar sem allar núverandi byggingar eru komnar í sýndarveruleika. Ætlunin er svo



Pistill frá sveitarstjóra

að bæta inn þeirri uppbyggingu sem er framundan í þrívíddarlíkanið og þannig gera öllum kleift að stíga inn í Árnes eins og það mun líta út í náinni framtíð. Þannig getum við betur gert okkur grein fyrir komandi uppbyggingu og íbúar komið sjónarmiðum á framfæri hvað mætti betur fara í hönnun svæðisins. Við munum sýna fyrstu hugmyndir á íbúafundinum sem verður haldinn í mars.

Búið er að úthluta lóðum í Árnesi fyrir 20 íbúðir og eru engar parhúsa né raðhúsaloðir lausar í Árnesi í dag. Aðeins þrjár einbýlishúsaloðir eftir á nú þegar skipulagðri íbúðabyggð í Árnesi. Við gerum ráð fyrir að deiliskipulag fyrir ný íbúðahverfi í Árnesi verði tilbúið síðar á þessu ári og í framhaldi af því verði ráðist í gatnagerð og úthlutun lóða fyrir enn fleiri íbúðir heldur en núverandi lóðaúthlutun í Brautarholti. Nokkuð ljóst er að mikil eftirspurn verður eftir íbúðahúsi eftir því sem aukin atvinna byggist upp á svæðinu. Það liggur fyrir að í haust verða breytingar í skólamálum sveitarfélagsins til framtíðar. Ekki fara fleiri árgangar í unglingadeild í Flúðaskóla, en þeir árgangar sem eru nú þegar í Flúðaskóla mun klára

skólagönguna þar. Í haust verður því Þjósárskóli 1.-8 bekkur og haustið 2026 verður Þjósárskóli orðinn heildstæður grunnskóli 1.-10. bekk. Með því móti verða forsendur fyrir því að skipuleggja heildstætt starf skóla, frístunda og íþrótta á einum stað. Ég tel að það verði lykillinn að því að byggja upp öflugt samfélag þar sem skólinn, frístundastarf og íþróttastarf verði hjartað í samfélaginu og geri það að verkum að fólk kjósi að setjast að í okkar góða samfélagi.

Í haust hófst uppbygging Fjallabaðanna í Þjósárdal og hefur jarðvinna átt sér stað þar síðustu mánuði. Í vor mun uppsteypa hefjast og munu Fjallaböðin í Þjósárdal opna árið 2026. Einnig hafa Rauðukambar fengið úthlutað atvinnulóð í Árnesi þar sem reisa á 1.000 fm vörulager fyrir starfsemina þeirra og munu framkvæmdir hefjast í vor og er áætlað að húsið verði tekið í notkun í haust. Uppbygging Rauðukamba er virkilega spennandi verkefni sem mun skapa á annað hundrað framtíðar starfa á okkar svæði.

Allt bendir til þess að bygging Hvammsvirkjunar fari af stað í sumar. Samhliða því munu framkvæmdir við Búðafossveg og brúarsmiði yfir Þjósá fara af stað sem mun gjörbreyta samgöngum á Suðurlandi. Öll útboðsgögn fyrir Búðafossveg eru tilbúin og mun framkvæmdin hefjast um leið og nýtt virkjanaleyfi og framkvæmdaleyfi hefur verið gefið út fyrir Hvammsvirkjun.

Í rúmt ár hefur gríðarlega mikil vinna farið í að berjast fyrir breytingum á skattaumhverfi orkuvinnslu. Þær staðreyndir sem við

höfum lagt fram hafa sýnt að okkar sveitarfélag getur borið beint fjárhagslegt tjón af þeirri orkuvinnslu sem á sér stað hjá okkur og er ljóst að ekki er hægt að una lengur við slíka stöðu. Ástæðan fyrir þessu eru undanþágur orkumannvirkja frá fasteignasköttum, fá störf skila sér í nærumhverfið ásamt flóknu regluverki jöfnunarsjóðs. Það var því sérstaklega ánægjulegt að í síðustu viku kynnti efnahags- og fjármálaráðherra tillögur til breytinga á skattaumhverfi orkuvinnslu þar sem markmiðið er að nærumhverfið njóti ávinnings. Kjarninn í tillögunum er að undanþága orkumannvirkja frá fasteignamati verði felld úr gildi og nýja reglur verði teknar upp um skilgreiningu nærumhverfis á mismunandi tegundum virkjana. Allir gera sér grein fyrir að óbreytt staða gengur ekki og nauðsynlegt að gera breytingar til þess að boðuð orkuskipti raungerist í náninni framtíð. Tillögurnar sem voru lagðar fram hafa verið vel unnar og vil ég hrósa starfshópnum sem vann tillögurnar sérstaklega fyrir góða vinnu. Næsta skref er að fram komi frumvarp til laga sem komi boðuðum breytingum í lög og mun slík breyting hafa veruleg fjárhagsleg áhrif á okkar sveitarfélag til framtíðar ásamt því að auka tekjur allra sveitarfélaga á Íslandi.

Við munum halda íbúafund í mars þar sem við kynnum betur uppbygginguna framundan ásamt því að ræða fyrirhugaða kosningu um nýtt nafn á sveitarfélagið.

Fleira er það ekki að sinni.

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

Lífræna byltingin!

HJÓNABALL 2024

LAUGARDAGINN 09.MARS Í BRAUTARHOLTÍ

Grillvagninn sér um matinn

Hljómsveitin Koppafeiti leikur fyrir dansi

...og nefndin lofar góðu stuði!



Midapantarnir berist á
hjonaball2024@gmail.com

eða í síma hjá Melissu: 763-3440



Greidslan berst inná reikning:0586-26-002767 kt.:471077-0709 kvittun sendist á hjonaball2024@gmail.com



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps kemur út um hver mánaðarmót í rafrænu formi ásamt því að prentaða útgáfu er hægt að nálgast í Neslaug, Skeiðalaug, Þjórsárskóla, Leikholti, skrifstofu sveitarfélagsins, félagsheimilinu í Árnesi og í versluninni Árborg í Árnesi. Hægt er að kaupa auglýsingar í blaðið og skal senda auglýsingar og aðsendar greinar til gaukurinn@skeidgnup.is

Útgefandi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur. **Ábyrgðarmaður:** Haraldur Þór Jónsson

Lóðir til úthlutunar

Auglýst er til úthlutunar raðhúsa-, parhúsa-, einbýlishúsa- og atvinnulóðir í Brautarholti, Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Í Brautarholti er leikskóli sveitarfélagsins og Skeiðalaug þar sem eru að klárast miklar endurbætur og inniheldur Skeiðalaug spa aðstöðu og líkamsræktaraðstöðu. Brautarholt er í um 20 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi og í alfaraleið við Skeiða- og Hrunamannaveg. Í úthlutun eru lóðir við nýja götu, Vallarbraut, sem verður tilbúin til afhendingar 1. júní 2024 ásamt tveimur raðhúsalóðum við Holtabraut og tveimur atvinnulóðum við Holtstagl. Eftirfarandi lóðir eru lausar til úthlutunar og er umsóknarfrestur til sunnudagsins 25. febrúar 2024. Úthlutun lóða mun fara fram á sveitarstjórnarfundum Skeiða- og Gnúpverjahrepps miðvikudaginn 6. mars 2024. Verði fleiri en ein umsókn um lóð verður dregið í samræmi við reglur um lóðaúthlutun Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Götunúmer	Tegund	Lód fm	Fjöldi íbúða	Tilbúin til afh.
Vallarbraut 1, 3, 5	Raðhús	900,8	3	1. júní 2024
Vallarbraut 12, 14, 16	Raðhús	955,2	3	1. júní 2024
Vallarbraut 15, 17, 19	Raðhús	1.280,3	3	1. júní 2024
Holtabraut 21a-c, 23a-c	Raðhús	1.937,7	6	Við úthlutun
Holtabraut 37, 39, 41	Raðhús	1.172,3	3	Við úthlutun
Vallarbraut 8, 10	Parhús	761,6	2	1. júní 2024
Vallarbraut 7, 9	Parhús	721,4	2	1. júní 2024
Vallarbraut 11, 13	Parhús	745,1	2	1. júní 2024
Vallarbraut 2	Einbýlishús	692,1	1	1. júní 2024
Vallarbraut 4	Einbýlishús	623,0	1	1. júní 2024
Vallarbraut 6	Einbýlishús	584,3	1	1. júní 2024
Vallarbraut 21	Einbýlishús	872,9	1	1. júní 2024
Holtstagl 2	Atvinnuhús	1.955,0		1. júní 2024
Holtstagl 4	Atvinnuhús	1.098,0		1. júní 2024

Nánari upplýsingar um kostnað við gatnagerðargjöld, tengigjöld ásamt rafrænu umsóknarformi má finna á www.skeidgnup.is
 Síðasti dagur til að skila inn umsóknum er sunnudaginn 25. febrúar 2024.

Lífræna

Já, lífræna byltingin er á leið í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Þetta hljómar kannski eins og megrunarkúr, en svo er ekki; þetta eru bara lýsingarorðin sem notuð eru um nýja tækni sem er að ryðja sér til rúms við vinnslu á lífrænum úrgangi.

Það er nefnilega ekkert leyndarmál að við höfum ekki staðið okkur nógu vel í þeirri lögbundnu skyldu sveitarfélaga að safna lífrænum úrgangi í þéttbýli sem hefur leitt til þess að lífrænn úrgangur hefur víða þurft að fara með almenna ruslinu, sem er arfaslæmt fyrir margra hluta sakir, bæði fyrir efnahaginn og loftslagsbókhaldið okkar.

Eftir töluverð heilabrot starfsfólks, tveggja sveitarstjórna og umhverfis-og loftslagsnefndar hefur nú verið tekin sú stóra ákvörðun að festa kaup á þessari lífrænu byltingu sem við köllum Líf 50. Hún Líf okkar tekur við 125 kg. af lífrænum úrgangi á dag og brýtur niður í moltu. Úr vélinni kemur svo þessi fíni jarðvegsbætur sem við getum vonandi boðið íbúum okkar og gestum að nýta í pottaplönturnar, beðin sín eða jafnvel flögin og rofabörð?

Þetta þýðir í stuttu máli, að við hættum að safna lífrænum efnum til að keyra þau út úr sveitarfélaginu heldur nýtum þau hér heima; tökum einn straum af úrgangi, veitum honum inn í hringrásina aftur – litlu skrefin verða svo vonandi



Líf 50 - hún er svo sem engin smásmíð og því svolítið skrítið að hún geti týnst í flutningum, en hún hlýtur að rata heim á endanum.

byltingin!

til þess að allur okkar úrgangur verður að verðmæti en ekki hreinum kostnaði á fasteignagjaldareikningnum okkar.

Kaupin á Líf er stór ákvörðun, ákveðið tilraunaverkefni, og því mikilvægt að

við vöndum okkur við verkefnið. Á næstu vikum kynnum við fyrirkomulag á söfnun lífræna úrgangsins og hvað má fara í hana. Einnig standa vonir til að á árinu geti sveitarfélagið á einhvern hátt stutt við þá sem vilja vinna allt sitt lífræna efni heima fyrir en þess má geta að mjög margir íbúar sveitarfélagsins gera það nú þegar með góðum árangri, hvort sem það er með hæsnarækt, moltutunnum eða annarskonar heimajarðgerð.

Til að byrja með verður Líf staðsett í áhaldahúsi sveitarfélagsins. Hún var reyndar væntanleg í síðustu viku en virðist hafa farið lengri leiðina heim, en Bjössi og Hilmar bíða spenntir eftir komu hennar. Fyrstu tvær vikurnar eftir að henni er komið fyrir þarf að dekra svolítið við hana til að ná upp rétttri niðurbrotsvænni gerlaflóru en strákarnir eru búnir að fara á námskeið og eru (oftast) spenntir fyrir verkefninu – vonum að við séum það öll og getum verið samstíga í grænu skrefunum og hringrásarhagkerfinu.



Djósárskóli - fram á veginn !

Skýr skólastefna. Það er skylda hvers sveitarfélags að marka stefnu í sínum skólamálum í samræmi við gildandi lög og Aðalnámskrár. Með skólastefnunni okkar er verið að hugsa til framtíðar, til breyttra kennsluhátta og að búa skólasamfélaginu okkar umhverfi þar sem nemendum og starfsfólki líður vel og getur látið allar sínar bestu hliðar blómstra. Stefnan er framsækin, metnaðarfull og markmiðið er frammúrskarandi skólastarf. Það er einlægur ásetningur sveitarstjórnar að standa þétt með skólasamfélaginu okkar og veita allan þann stuðning sem til þarf.

Eflum framsýna einstaklinga og skólasamfélag. Skóli og skólasamfélag er alltaf byggt á þeim einstaklingum sem í honum starfa. Eins og við þekkjum almennt þá byggist starf upp í kringum kraftmikla einstaklinga sem með áráðni og krafti vinna gott starf. Samkvæmt skólastefnunni hefur verið settur á laggirnar þróunarsjóður sem hefur þann tilgang að efla námstækifæri, endurmenntun, sértæk skólaverkefni, fjölbreytileika, vettvangsferðir, samvinnuverkefni eða hvað sem það er sem eflir skólastarf og er í anda skólastefnunnar okkar. Þetta er einn liður í því að hlúa að skólasamfélaginu og þeim einstaklingum sem þar starfa.

Vissulega byggir Þjósárskóli m.a. á áherslum á útivist, náttúrunám, umhverfismennt og skógarverkefni – eins og glöggt kemur fram í skólastefnunni - en einnig þurfa skólabyggingar að vera góðar og sinna sínu hlutverki vel. Sjálfur Þjósárskóli er mjög gott skólahúsnaði

og óhætt er að segja að hönnuður hans hefur hugsað til framtíðar þar sem til eru hugmyndir að viðbyggingu, sem auðvelt er að aðlaga að nútíma kröfum. Húsnaðið er í raun stórt og tiltölulega auðvelt er að breyta því til að koma á móts við þarfir stækkandi skóla. Í Leikholti hefur verið unnið ötullega að því að aðlaga húsnaði að þörfum yngstu nemenda skólasamfélagsins. Húsnaðið er fjölbreytt, rúmgott og hjart – og næsta verkefni er að enduhanna útileiksvæðið. Leikskólinn Leikholt er perla sem okkur ber metnaður til að hlúa að enn frekar.

Leiðandi, styðjandi og hvetjandi. Svo vitnað sé í góðan kennara – þegar hún var spurð hvað til þurfi – að vera góður kennari var svarið einfalt: „þú þarft að vera leiðandi, styðjandi og hvetjandi“. Gott skólafólk getur unnið frábært skólastarf með lítið sem ekkert sér til handar – ef maður segir sem svo – en gott skólafólk blómstrar enn frekar þar sem stuðningur er fyrir hendi og aðstæður eru eftir því sem best verður á kosið. Þess vegna hefur verið sett fram skýr leið um fjármögnun á þeim breytingum sem þarf að gera strax á skólahúsnaðinu í Þjósárskóla, fyrir unglingadeildina. Ennfremur er skýrt hvernig þurfi að fjármagna uppbyggingu skólamannvirkja til næstu ára til að taka á móti fjölgun barna. Hafist verður handa strax á þessu ári að byggja upp verknámshús og íþróttahús í Árnesi sem hæfir stærð stækkandi Þjósárskóla og samfélaginu. Mikil áhersla er lögð á að kennarar og nemendur séu virkir þátttakendur í

að móta sitt náms- og starfsumhverfi. Leitað hefur verið til landslagsarkitekts, varðandi skipulag á lóð, staðsetningu á byggingum, göngustígum, leiktækjum og fleiru þess háttar. Til liðs höfum við einnig fengið fyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í þrívíddarásýnd bæjarsamfélaga – þannig að íbúar fái tækifæri til að setja á sig þrívíddargleraugu til að sjá fyrir sér hvernig skipulagið kemur til með að líta út.

Samstarf og aftur samstarf. Með skólastefnunni okkar er lögð rík áhersla á aukið samstarf við önnur skólasamfélög bæði í nærsveitum sem og á öðrum stöðum þar sem nýjungar í skólastarfi er að finna og áhugaverð og fræðandi verkefni. Í skólastefnunni koma einnig fram skýr markmið um samstarf við nærsamfélagið, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga. Svo það sé sagt enn og aftur – lögð er rík áhersla á breiðari samstarfsgrundvöll með öllum nágranasveitarfélögunum með samstarfi kennara og nemenda milli skóla, sameiginlegri endurmenntun, námsferðum, samvinnuverkefnum, heimsóknunum, samtölum og öllu því samstarfi sem gagnast mætti til framþróunar skólastarfs. Með stefnu sinni í skólamálum er sveitarstjórn meðal annars að leggja fram tillögu að auknu og breiðara samstarfi við alla skólana í nágranasveitarfélögunum þar sem byggt verður á jafningjagrundvelli með eflingu góðs lærdómssamfélags að markmiði fyrir nemendur, kennara og skólasamfélögin í heild.

Brautryðjendur í unglingadeild. Næsta haust verður 2011 árgangurinn sá árgangur sem ríður á vaðið og verða brautryðjendur í nýrri unglingadeild í

Þjórarskóla. Unglingadeildin fær sér aðstöðu, kennslurými, inngang í húsinu og eiga að taka virkan þátt í að móta sitt umhverfi með vali á húsgögnum, nýtingu og útliti á rými. Þessi árgangur mun einnig fá að hafa forgöngu í því að móta kjallarárymið í húsinu sem félags- og leikjamiðstöð. Ýmsar hugmyndir hafa verið viðraðar eins og til dæmis leikjatölvur, stór skjár (bíó), sófar, svampstólar, billjard borð og fleira – en það eru nemendurnir sem eiga að segja til um hvað þeir vilja skipuleggja í rýmið. Auglýsing eftir deildarstjóra á unglingastigi er að fara í loftið og er þar auglýst eftir kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúin til að vinna eftir nýrri og framsækinni skólastefnu. Verkefni deildarstjórans verður meðal annars að efla skapandi starf, nýsköpun og fjölbreytta kennsluhætti.

Breytingar og upplýsingar. Í breytingaferli er mikilvægt að vera með gott upplýsingaflæði. Sveitarstjórn mun setja á laggirnar framkvæmdanefnd sem ætlað er að halda utan um þessar framkvæmdir við skólaumhverfið í Þjórarskóla, marka þær í tímalínu og koma á framfæri til allra – nemenda, kennara, foreldra og íbúa. Þessi nefnd á að funda vikulega og verða fundargerðir birtar jafn óðum öllum til upplýsingar. Í framkvæmdanefndinni sitja fulltrúar úr sveitarstjórn og fulltrúi frá kennurum. Framkvæmdanefndin mun leita ráða hjá sérfróðum aðilum, leita eftir samstarfi við hagaðila, kalla eftir álit og leita allra leiða til að vinna að þessu breytingaferli af heilindum og hagsýni fyrir sveitarfélagið.

Vilborg Ástráðsdóttir

Gamla dularfulla húsið

10. þáttur: nóvember


Jónas sagði okkur allt um uppvakningana. Hann vissi svo ótrúlega mikið um þessi skrímsli að við vorum bara tilbúinn með plan þegar hann var búinn að segja okkur alla söguna. „Ansi snemma fór ég að pæla í því, að hverju Karlsson var eiginlega að leita,“ sagði Jónas. „Svo ég fór aðeins að rannsaka hlutina.“ Jónas þagnaði því Bjarki rétti upp hönd. „Við erum ekki í skóla, spurðu bara.“ „Ó, ok“ sagði Bjarki og stamaði dálítið. „Hvernig fattaðir þú að þau voru að grafa eftir einhverju?“ „Góð spurning“ sagði Jónas. „Sko ég er með það sem kallast augu og ég tók eftir því í febrúar, að fólk byrjaði að hverfa. Svo tók ég eftir því að verur, sem litu ekki ekki alveg eins út og venjulegt fólk, voru að grafa eitthvað upp. Þegar allir voru farnir fór ég að skoða hvað það var sem þau voru að reyna að grafa upp. En ég sá ekkert sérstakt þar. Svo ég fór sjálfur að grafa. Það tók mig smástund, en að lokum fann ég það sem þau höfðu líklega verið að leita að.“ Jónas labbaði að borðstofuborðinu

sínu, opnaði þar skúffu og tók upp einhvern hlut sem var stór og rauður á litinn. Hann leit út eins og demantur. „Þetta er Himachu demanturinn,“ sagði Jónas „og Karlsson ætlar að nýta sér hann til þess að öðlast eilífan líkama og taka yfir Ísland.“

„HVAR ER HANN“ gargaði Karlsson. „HVAR ER HIMACHU DEMANTURINN? EF ÉG FINN HANN EKKI Í DESEMBER ÞÁ... AGHHH!“ Karlsson flaug um húsið í reiðikasti. „Þessir uppvakningar geta ekkert!“ Karlsson sveif inn í uppvakning sem stóð þarna máttlaus í horninu og fór út úr húsinu. Eftir langn göngu kom hann loks að holunni þar sem uppvakningarnir höfðu verið að grafa.. „Hvar er aðalvakningur?“ gargaði Karlsson. Brátt gekk að honum stór uppvakningur, sem hneigði sig fyrir Karlssyni. „Já, herra. Varstu að kalla á mig?“ „Hvar er Himachu demanturinn?“ spurði Karlsson reiðilega. „Því miður herra, en við hofum leitað alsstaðar og höfum ekki fundið hann. Einhver hefur tekið hann.“ „Drengurinn, hvæsti Karlsson. ÞETTA ENDAR NÚNA!“ Og í þeim orðum, hvarf Karlsson. Hann sveif á braut.

Höfundur

Bergur Tjörvi Bjarnason,
Hraunbrún



Danskir nemendur í heimsókn í Flúðaskóla

Mánudaginn 5. febrúar tóku nemendur í 10. bekk Flúðaskóla á móti jafnöldrum sínum frá Holbæk Lilleskole í Danmörku. Þau hafa unnið saman að verkefninu Slam! sem hlaut styrk frá Nordplus Junior og eru nú langt komin með að leggja lokahönd á það. Verkefnið er viðamikíð og hefur verið skemmtilegt, áhugavert og lærdómsríkt. Nánar um það í vor.

Svona samstarf kallar á aðkomu margra og hefur verið aðdáunarvert að finna til stuðnings og samvinnu heimila nemenda í Hrunamannahreppi

og Skeiða- og Gnúpverjahreppi þegar gestirnir fengu heimboð og voru sóttir og keyrðir til baka á Flúðir.

Hrunamannahreppur og gýmsarstofnanir sveitarfélagsins hafa einnig sýnt okkur frábæran stuðning. Gestirnir hafa haft aðgang að baðaðstöðu Flúðalaugar og íþróttahússins og jafnframt gistu þau í Félagsheimili Hrunamanna þar sem þau nýttu stóran hluta hússins sér að kostnaðarlausu.

Flúðaskóli þakkar kærlega fyrir þann hlýhug og vináttu sem samfélagið hefur sýnt nemendum og gestum.



Neslaug

opnunartími í janúar - mars 2024

Miðvikudaga: 14:30 - 21:30





Spilakvöldin okkar hafa gengið vel í febrúar, enn er eitt kvöld eftir og væri gaman að fá sem flesta til að koma og spila með okkur. Veglegir vinningar eru í boði, einnig eru gefin skammarverðlaun fyrir fæstu slagina og lengstu setuna.

Hlökkum til að sjá ykkur, föstudaginn 16.febrúar kl 19:30


Spilanefnd Ungmennafélags Skeiðamanna




Verðlaunahafar fyrstu tvö kvöldin, allir glaðir með sína vinninga.

Í lok mánaðarins hefjast framkvæmdir á viðbyggingu við Skeiðalaug þar sem byggt verður 258fm viðbygging yfir planið fyrir neðan laugina. Þar mun verða fullkomin crossfit salur og almenn æfingaaðstaða sem mun verða mikil lyftistöng fyrir sveitarfélagið og skapa grundvöll fyrir heilsusamlegra samfélagi. Frá því breytingar hófust í Skeiðalaug hefur aðsóknin aukist verulega mikið. Gaman er að sjá gesti vera koma ekki einugis úr okkar sveitarfélagi, heldur einnig frá fjölmörgum sveitarfélögum í nágrenninu. Nú stýttist í að nýju heitu


pottarnir verða teknir í notkun uppi á pöllunum. Annar potturinn verður með nuddi og mismunandi hitastig verður á pottunum sem eykur fjölbreytnina í Skeiðalaug. Algengt er orðið að þétt sé setið í infrarauða klefanum og pottinum og stundum biðröð eftir að komast að. Það er því mikil þörf á nýju pottunum og lengri opnunartíma. Þegar nær dregur vori er stefnt að því að opið verði 7 daga vikunnar ásamt því að aðgengi að heilsuræktinni sé frá morgni til kvölds alla daga. Sannarlega spennandi og heilsueflandi tímar framundan í Skeiðalaug!



ÚTLIT VESTUR
Mkv. 1:100



ÚTLIT SUÐUR
Mkv. 1:100



ÚTLIT AUSTUR
Mkv. 1:100

Skeiðalaug

Opnunartími

Mánudaga: 16:00 – 21:30

Fimmtudaga: 16:00 – 21:30

Laugardaga: 10:00 – 16:00

**Sundlaug – heitur pottur – kaldur pottur – infrarauð
sauna – þurrgufa – setusvæði – líkamsrækt**



Meðfylgjandi aðsend grein barst til birtingar í Gaukinn sem átti að koma út í janúar. Sökum þess að enginn Gaukur kom út í janúar birtist greinin því núna.

Kæru sveitungar!

Tilfni þessa greinarkorns míns eru þau að verkefni sem ég stend að, Hrótmúlavirkjun hefur verið mjög til umræðu á Facebook. Ég tók þá ákvörðun fyrir nokkuð löngu síðan að á þeim samfélagsmiðli ætlaði ég ekki að vera og fara að skiptast á skeytum við fólk. Það má vel vera að það sé gamaldags afstaða en því miður hefur manni fundist oft á tíðum að samfélagsmiðlar auki á misklið fólks og oft virðist fólk geysast um á lyklaborðinu, en hafa svo hvorki kjark né þor að taka málefnalega umræðu maður á mann.

En víkjum aftur að Hrótmúlavirkjun. Árið 2018 þegar kýrnar voru komnar heim í Gunnbjarnarholt velti ég því fyrir mér í hvað ég gæti nýtt jörðina Skáldabúðir til annars en til beitar fyrir ágangsfénað. Jörðin hefur þá sérstöðu að frá bæjarhlaðinu og þeim svæðum sem vindmyllurnar eru fyrirhugaðar sést hvergi til bæja, sem er ekki algengt á Suðurlandi. Því fannst mér það góð hugmynd að sækja um uppbyggingu vindorkugarðs, sem hefði mjög svo takmarkaðan sýnileika þó vissulega geti einhverjir nágrannar séð vindmyllurnar ef þeir bregða sér uppá bæjarhólinn.

Ég vann þessa undirbúningsvinnu með verkfræðistofunni Eflu og kynnti verkefnið fyrst fyrir sveitarstjórn árið 2019, og var mín upplifun að ég fengi nokkuð jákvæð

viðbrögð. Þar sem að svona verkefni lúta að sjálfsögðu stjórnsýslulegum ferlum ákvað ég frá upphafi að vanda alla þá vinnu sem hægt væri og fara að öllu leyti eftir þeim leikreglum sem stjórnsýslan hefur sett. Núna er málið þannig statt að Hrótmúlavirkjun var valin sem einn af 4 nýjum vindorkukostum til frekari skoðunar hjá verkefnisstjórn Rammaáætlunar. Í kjölfar þess er hafin vinna við frummat á umhverfisáhrifum. Sú vinna er ákaflega yfirgripsmikil og í henni eru að sjálfsögðu kynningar fyrir nær samfélagið.

Nú nýverið stóðu fulltrúar frá WPD að fyrstu kynningu sem tók yfir tvo daga og var ánægjulegt hversu margir sáu sér fært að mæta og kynna sér verkefnið og viðra skoðanir sínar með eða á móti þessum virkjunaráformum. Það var ljóst frá upphafi að þetta verkefni væri það stórt að ég gæti engan veginn staðið að því einn og þá kom líka á daginn að margir voru tilbúnir til að koma að verkefninu með mér. Ég átti meðal annars samtöl við fulltrúa nokkurra lífeyrissjóða sem sýndu þessu mikinn áhuga. Þetta verkefni þótti þó of áhættusamt til að lífeyrissjóðirnir kæmu að verkefninu á þessu stigi en þeir lýstu miklum áhuga á að fá að fylgjast með verkefninu og jafnvel koma að því á seinni stigum. Þá fór í hönd vinna hjá mér að finna álitlega samstarfsaðila og út úr því kom samstarf mitt við þýska aðilann

WPD sem hefur mikla reynslu af virkjun vindorku á heimsvísu. Meðal annars heimsótti ég og átti samtöl við fulltrúa sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúa í Bremen í Þýskalandi þar sem að þeir eru með umtalsverða starfsemi og það í fleiri en einum vindorkugarði. Út úr þeim viðræðum kom að WPD væri mjög vandað fyrirtæki sem kappkostaði að koma fram af nærgætni og virðingu við nær samfélagið. Aðkoma þeirra að vindorkuvirkjunum hefur verið með ýmsum hætti og má þar nefna að stundum eru þeir aðeins verktakar við uppbyggingu þeirra en aðra eiga þeir sjálfir, og svo má líka nefna að stundum selja þeir vindorkugarðinn þegar uppbyggingu er lokið og framleiðsla er komin í gang. Í því sé ég ma. tækifæri fyrir lífeyrissjóðina okkar að fjárfesta í þessu á seinni stigum. Eins og ég áður nefndi sýndu þeir aðilar sem ég var í sambandi við áhuga á því. Einnig ber að nefna að í kjölfar baráttu oddvita okkar og fleiri er von á útspli stjórnvalda til að tryggja að

tekjur af virkjunum sem þessum skili sér til sveitarfélaga. Nú eru endanlegir samningar mínir við WPD tilbúnir og koma þeir til með að vinna verkefnið áfram þó svo að ég verði auðvitað tiltækur á hliðarlínunni.

Kæru sveitungar ég hef aldrei verið hræddur við að ræða þau mál sem á mér brenna á málefnalegum nótum og mun aldrei skorast undan þeirri umræðu. Ég endurtek að ég mun ekki mæta þeirri umræðu á samfélagsmiðlum. Þið vitið flest hvar mig er að finna og svo er ég að sjálfsögðu með síma. Það hefur óneitanlega vakið furðu mína að einungis einn af mínum nágrönnum hefur haft samband við mig til að ræða þessi áform, en hinir hafa kosið leikvöll lyklaborðsins með tilheyrandi rangfærslum og dylgjum og jafnvel forðast umræðuna þegar ég hef reynt að færa hana í tal maður á mann. Með áramótakveðju og hugheilum óskum um gleðilegt nýtt ár.

Arnar Bjarni Eiríksson

		4	8	6			3	
		1					9	
8						9	6	
5			2		6			1
	2	7			1			
				4	3			6
	5							
		9				4		
			4				1	5

9		4				5		
		7	8					
6			5					7
	3		1			4		6
1		6			8			
	4		3		9	2		8
			7	3				5
	6						7	
		8	4	5			6	2

Eftir þorrablot síðasta árs lagði galvaskur hópur karlmannna úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi í mikla heilsubótaför á heilsuhótel í Póllandi. Sagan segir að um fátt annað hafi verið rætt í sveitinni en þessa miklu svaðilför sem skilaði hópnum ferskum og léttari á fæti heim, 14 dögum síðar.

Undanfarna daga hafa margir velt fyrir sér hvort ekki eigi að endurtaka leikinn og setja saman í nýja hópferð.

Þeir sem hefðu áhuga á að skella sér í 14 daga heilsufrí á næstu vikum eru hvattir til að hafa samband við undirritaðan og stefnan er sett á að búa til nýjan ferð svo þeir sem sitja eftir heima hafi eitthvað til að tala um :)

Kveðja,

Haraldur Þór Jónsson

Gsm 779-3333



Öll almenn jarðvinna Ólafsvellir ehf Sími 897-5997







Úrval af hunda- og kattafóðri



**LANDSTÓLPI**

📍 Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
☎ 480 5600

📍 Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
☎ 480 5610

🌐 www.landstolpi.is
✉ landstolpi@landstolpi.is

Fundargerðir sveitarstjórnar

Hægt er að nálgast allar fundargerðir sveitarstjórnar ásamt fylgiskjöllum á heimasíðu sveitarfélagsins, **www.skeidgnup.is**



SUMAR 2024

Sumarstörf hjá Landsvirkjun

Við leitum að kraftmiklu ungu fólki í fjölbreytt sumarstörf fyrir háskóla-, iðn- og tækninema sumarið 2024.

Kynntu þér hvað er í boði og sæktu um á
landsvirkjun.is/sumarstorf